



Ragnheiður Gestsdóttir

Ritunarverkefni með
Sögusteini, Óskasteini
og
Völusteini



NÁMSGAGNASTOFNUN 2007



Um verkefni

Ritunarverkefnum með lestrarbókunum *Sögusteinn*, *Óskasteinn* og *Völusteinn* er ætlað að koma til móts við áherslur í *Aðalnámskrá grunnskóla í íslensku frá 2007*. Þar er lögð áhersla á að nemendur á öllum skólastigum nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti fyrir ólíka hópa lesenda, bæði handskrifað og í tölvutæku formi. Þar segir enn fremur: *Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti, þótt þeir séu oft samofnir í reynd, annars vegar tæknileg atriði sem varða frágang, stafsetningu og uppsetningu og hins vegar efnisleg atriði sem tengjast framsetningu, málsniði, skipulagi og efnistöfum. Nauðsynlegt er að áherslur á einstaka þætti séu mismunandi eftir aldri og þroska nemenda þannig að eðlileg stígandi verði í náminu.*

Markmið

Í verkefnunum er meðal annars lögð áhersla á að æfa eftirfarandi atriði sem öll eru tilgreind í aðalnámskránni fyrir nemendur á miðstigi grunnskóla, þ.e. að nemendur geti

- greint aðalatriði í léttum textum og gert útdrætti og endursagnir úr þeim
- lýst hlutum og atburðum og byggt upp skipulega frásögn
- samið og byggt upp ýmiss konar texta með mismunandi stíl sem hæfir efni og viðtakanda
- orðað og skráð hugsanir sínar, þrjár og reynslu og lýst hlutum og athöfnum
- gengið frá texta og hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu

Lýsing

Í verkefnunum er athygli nemenda einkum beint að mismunandi málsniði og efnistöfum. Nemendur fá þjálfun í að umrita texta, til dæmis að breyta bundnu máli í óbundið, samfelldu máli í samtöl og öfugt, búa til frétt úr texta, skrifa viðtal, lýsa atburðum og fyrirbærum og sögugerð. Verkefni eru afmörkuð og



öll byggð eins upp, örstutt lýsing á því um hvað verkefnið snýst, skýringar á hugtökum, fyrirmæli og loks stutt dæmi um byrjanir eða lausnir þar sem það á við. Dæmin eru þó fyrst og fremst í verkefnunum með Sögusteini og dregið úr þeim í verkefnum með Óskasteini og Völusteini.

Notkun

Flestir þurfa umtalsverða þjálfun til að ná leikni í að tjá sig skipulega í rituðu máli. Því er mikilvægt að hefja slíka þjálfun snemma á skólaferlinum. Frumsamdar sögur og frásagnir er sennilega algengasta leiðin til að þjálfa börn í ritun. Oft getur það hins vegar auðveldað ungum nemendum að taka fyrstu skrefin ef verkefnin eru betur afmörkuð, t.d. við texta sem þau hafa lesið og þekkja eins og hér er gert. Ekki er nauðsynlegt að nemendur skrifi alltaf langt mál heldur er ekki síður mikilvægt að þeir átti sig á mismunandi málsniði, framsetningu og efnistöfum og fyrir hverja þeir eru að skrifa. Efnið í *Sögusteini* og *Óskasteini* er fjölbreytt og gefur tilefni til slíkrar umfjöllunar.

Ritunarverkefnin má leysa með því að handskrifa textann á sjálf blöðin en einnig í ritvinnslu. Ástæðulaust er að allir vinni öll verkefnin. Sum verkefnin er einnig tilvalið að nemendur vinni saman. Það getur verið hvetjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt að velta sameiginlega fyrir sér orðalagi og efnistöfum, nokkuð sem iðulega reynir á í hópvinnu og samstarfi síðar meir.

Verkefni

Sögusteinn

Bundið og óbundið mál: Aravísur

Bundið og óbundið mál: Spurningar Ara – ljóðagerð

Bundið og óbundið mál: Spurningar Ara – ljóðagerð 2

Viðtal: Latland

Ævintýri: Skipið sem sigldi á landi og skrýtnu karlarnir sex

Viðtal: Drekar og aðrar ófreskjur

Samtal: Sagan um landvættirnar

Bundið og óbundið mál: Draumurinn – ljóðagerð 3

Lýsing: Skrýtnar skepnur

Lýsing: Gáta

Samtal: Landkönnuðir

Frétt: Skrýtnar sögur

Sögugerð: Skrýtnar sögur

Óskasteinn

Samtal: Galdrasendingin

Endursögn: Kveðið á glugga

Sögugerð: Thomas Alva Edison

Ljóðagerð: Ljós og myrkur

Sögugerð: Rafmagnslaust

Gagnaleit: Gamlar gátur

Samtal: Tengdadóttirin klóka

Frétt: Gáta sfinxinnar

Ævintýri: Pilturinn sem gat breytt sér í fálka, maur og ljón

Sögugerð – endursögn: Naglasúpa

Myndasögugerð: Aladdín – myndasaga

Lýsing: Kanarífuglinn, lævirkinn og næturgalinn

Ljóð: Óskasteinn – ljóðagerð

Sögugerð – endursögn: Naglasúpa



Verkefni

Völusteinn

- Viðtal:** Róbinson Krúsó
- Samtal:** Vesturfarar
- Sendibréf:** Vesturfarar
- Munnleg frásögn:** Vesturfarar
- Frétt:** Hellismannasaga
- Ævintýri:** Karlsdóttir og Krákudóttir
- Bundið mál og óbundið:** Öskubuska
- Ljóðagerð:** Grímuballið
- Sögugerð:** Líska eða Lotta
- Frétt:** Að mæla tímann
- Leikritagerð:** Mánuðirnir tólf
- Sögugerð:** Fortíð, nútið, framtíð
- Með og á móti:** Völusteinn
- Orðaforði:** Völusteinn